

Rigningarlög



[D] Með vindinum þjóta skúraský
Drýpur [A] drop, drop, drop,
drýpur [D] drop, drop, drop

[D] Og droparnir hníga og detta á ný.
Drýpur [A] drop, drop, drop,
drýpur [D] drop, drop, drop.

[D] Nú smáblómin vakna eftir vetrarblund.
Drýpur [A] drop, drop, drop,
drýpur [D] drop, drop, drop.

[D] Þau augun sín opna, er grænkar grund.
Drýpur [A] drop, drop, drop,
drýpur [D] drop, drop, drop



[D] Sit ég hér á grænni grein
og [A] geri fátt eitt [D] annað
en éta hunang [A] borða brauð,
að bíta allt er [D] bannað.
[D] Dropar detta [G] stórir hér,
dropar detta,
[D] hvað finnst þér?
[D] dropar detta [A] allt í kring
og dinga-linga-[D] ling.

[D] Vatnið vex nú ótt og ótt
ég [A] verð að flýja' úr [D] húsum.
Hér sit ég í [A] alla nótt
og borða' úr mínum [D] krúsum.
[D] Dropar detta [G] stórir hér,
dropar detta,
[D] hvað finnst þér?
[D] dropar detta [A] allt í kring
og dinga-linga-[D] ling.



Í rigningu ég syng
:/: Í rigningu ég syng :/:
Það er stórkostlegt veður
og mér líður svo vel.
Pumlar upp...
:/: atjúttítja atjúttítja
atjúttítja tja :/:
Í rigningu ég
Arma að.....
Fætur inn.....
Rassinn út.....
Á öðrum fæti.....
Tungan út.....



Við [C] skýin felum ekki sólina af illgigni,
við skýin erum bara að kíkja á leiki [G] manna.

Við skýin sjáum ykkur hlaupa, úúúps.

Í rokinu

Klædd gulum rauðum grænum bláum regnkápum,

Eins og [C] regnbogi [G] meistarans.

[C] regnbogi [G] meistarans.

Við [F] skýin erum bara [G] grá, bara grá.

Á [F] morgun kemur [C] sólin

hvar [B7] verðum við skýin [E] þá?

Hvar [E] þá? (Hvar þá?) - Hvar þá? (Hvar þá?)


Hvar [B7] þá? (Hvar þá?) - Hvar [E] þá? (Hvar þá?)

Hvar [E] þá? (Hvar þá?) - Hvar þá? (Hvar þá?)

Hvar [B7] verðum við skýin [E] þá?



Rigningarlög



[G]Húsið er að gráta [Am]alveg eins og ég.
Da-ra-[Em]ra-ra-ra, o-[D]ó

[G]Það eru tár ár rúðunn[Am]i
sem [Em]leka svo niður vegginn[D]a.
[G]Gæsin flýgur á [Am]rúðunni,
eða [Em]er hún að fljúga á auganu á [D]mér?
[G]Ætli húsið geti látið sig [Am]dreyma,
ætli [Em]það fái martrað[D]ir?

[G]Hárið á mér er ljóst,
[Am]þakið á húsinu er grænt,
[Em]ég Íslendingur,
það [C]Grænland[D]ingur.

[G]Mér finnst rigningin [Am]góð,
la-la-[G]la-la-la, o-[Am]ó
[G]Mér finnst rigningin [Am]góð,
la-la-[G]la-la-la, o-[Am]ó



[D]Drippididripp, [G]droppity dropp.
[A]drrippidi, drippidi, [D]droppididropp.
[D]drippididripp, [G]droppity dropp
[A] drippitydrrippity [D] dropp.
[G]Já, rigning hér, [D] rigning þar
[A]rigningin er allstaðar
[D] en sama er mér, [G]og sama er þér
[A] við sullum og bullum [D] hér.

[C] Rigningin er rök og góð,
[G7] ríkan ávöxt færir.
[G7]Fellur ofan hlý og hljóð,
[C] hlúir að og nærir.

[C] Fagna henni blómin blíð,
[G7]bleytu glöð þau lofa
[C]Eins og börnin engilfríð, þau eiga
[G7]að fara að sofa.
Lag: Fljúga hvítu fiðrildin.



[D]Dropar detta ofan af [A] himnum
[D]stórir pollar myndast út um [A]allt
[D] ég hleyp út í [A] regnkápu og [G] stígvélum
svo ég blotni ekki og [A] verði kalt
[D]ég hoppa eins hátt
og ég get í stærsta [A] pollinn
[D] horfi á skvettarnar gusast allt um [A] kring
[D] heyri regnið [A] falla beint á [G] kollinn
í takt við regnið leik ég mér og [A] syng
:/: Blúps, Blúps, skvett, skvett
splass, splass, sull, sull :/:x5

[D]Ég opna munninn
og reyni að grípa [A] dropa
[D]En samt þá flesta beint á nafið [A] fæ
[D] og þó ég fái [A] aldrei stórans [G] sopa
í rigningunni leik ég mér og [D] hlæ
[D] ég hoppa eins hátt
og ég get í stærsta [A] pollinn
[D] horfi á skvettarnar gusast allt um [A] kring
[D] heyri [A]regnið falla beint á [G]kollinn
í takt við regnið leik ég mér og [A] syng
:/: Blúps, Blúps, skvett, skvett
splass, splass, sull, sull :/:x5
Lag: Skoppa og Skríttla

